

Daglegt líf ungra barna

Jonathan Tudge. (2008). *The everyday lives of young children: Culture, class and child rearing in diverse societies*. New York: Cambridge University Press. 302 bls.

Bókin *The everyday lives of young children: Culture, class and child rearing in diverse societies* er eftir Jonathan Tudge, doktor í uppeldisfræði og fjölskyldurannsóknum (e. human development and family studies). Hann starfar við deild uppeldisfræði- og fjölskyldurannsókna við Háskólann í Norður-Karólínu þar sem lögð er áhersla á umönnun og menntun barna og unglunga og reynt að svara því hvernig best er að tryggja velferð einstaklinga og fjölskyldna.

Bókin er byggð á langtímarannsókn höfundar á daglegu lífi þriggja ára barna í sjö ólíkum menningarsamfélögum: Bandaríkjunum, Rússlandi, Eistlandi, Finnlandi, Kóreu, Kenía og Brasilíu. Áhersla var lögð á að fylgjast með því hvernig og hvar börnin eyddu tíma sínum og með hverjum. Hugmyndina að rannsókninni má rekja til þess að höfundur taldi vanta þekkingu á því hvernig börn eyða tíma sínum og hvaða áhrif mismunandi menning hefur á þroska barna, auk áhrifanna sem börnin sjálf hafa á eigin þroska. Höfundi sýndist mest af því sem skrifað hefur verið um þetta efni vera byggt á rannsóknum á börnum í dreifbýli þróunarríkja, frekar en börnum í iðnvæddum samfélögum, og markmið rannsóknarinnar var að bæta við þessa þekkingu. Upphaflega var ætlun hans að bera saman börn í tveimur löndum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, en verkefnið vatt upp á sig og endaði með því að löndin urðu sjö.

Kaflarnir í bókinni eru níu en segja má að hún skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta byrjar höfundur á að fjalla um ólíkar áherslur mismunandi fræðasviða við rannsóknir á börnum. Hann bendir á að innan uppeldisfræðinnar sé áherslan mikil á rannsóknir á hvítum millistéttarbörnum og að oftast sé aðstæðum stjórnað á einhvern hátt. Félagssfræði hafi tilhneigingu, telur hann, til þess að gera börn að óvirkum þátttakendum í rannsóknum með því að rannsaka þau út frá fyrirbyggjandi gögnum stofnana í samfélaginu, til dæmis gögnum sem varða námsárangur þeirra og þroska. Loks talar hann um áherslur mannfræðinnar sem lengi fólust í rannsóknum á einstökum samfélögum. Þegar áherslan innan mannfræði varð meiri á samanburð varð tilhneigingin sú að bera saman tvö gjörólík samfélög. Í rannsókn sinni reynir Tudge að draga sem mest úr takmörkunum þessara hefða og nýta styrkleika þeirra með því að bera saman

samfélög sem eru að mörgu leyti lík, gæta þess að inngríp séu engin og að fylgjast með börnunum í þeirra hversdagslegu aðstæðum, á þeirra eigin forsendum og án þess að aðstæðum sé stjórnað. Næst tekur höfundur saman niðurstöður fyrri rannsóknna á daglegu lífi barna og í lok fyrsta hluta fjallar hann um kenningalegan bakgrunn rannsóknar sinnar sem hann byggir að miklu leyti á kenningum Vygotskys og Bronfrenbrenners.

Í öðrum hluta bókarinnar er sagt frá þeim aðferðum sem notaðar voru við rannsóknina og hvaða þætti í lífi barnanna var verið að skoða, en þeir voru: Nám, vinna, leikur og samtöl. Kannað var umhverfið þar sem þetta átti sér stað, hverjir voru þátttakendur og hvert hlutverk þeirra var, virkni barnsins og fjallað um menningarlegar og sögulegar aðstæður samfélagsins sem börnin áttu heima í.

Þriðji og síðasti hluti bókarinnar fjallar síðan um niðurstöður rannsóknarinnar sjálfrar. Niðurstöðum er fyrst lýst með meginlegri aðferð og þær settar fram með lýsandi gögnum. Að því loknu er bætt við eigindlegum skýrandi lýsingum með nokkrum brotum úr vettvangsnótum og túlkun á þeim.

Niðurtöður Tudge voru í stuttu máli þær að menning hafi ekki jafn mikil áhrif á líf barna og margir hafa talið og segir hann niðurstöður sínar ekki í samræmi við niðurstöður margra fyrri rannsókna. Oft var munurinn milli barna meiri eftir stétt, kynþætti, kyni og menntun foreldra en milli menningarsamfélaga. Tudge sýnir þannig fram á að þessir þættir hafi meiri áhrif á líf barnanna en sú menning sem þau alast upp í. Eigindlegur hluti niðurstöðukaflans sýnir vel hversu margt öll börnin eiga sameiginlegt. Öll eyddu þau mestum tíma sínum í leik þótt mismunandi væri eftir samfélögum hvernig þau léku sér. Alls staðar voru börnin mjög virk og reyndu að fá fullorðna fólkið til að taka þátt í því sem þau gerðu. Af niðurstöðum sínum dregur höfundur þá ályktun að skörunin innan menningarsamfélags sé jafn áhugaverð eða jafnvel áhugaverðari en munurinn milli ólíkra menningarsamfélaga.

Bókin er vel skrifuð, auðlesin og vel upp byggð. Rannsókn höfundar, sem er ætlað að vera meginefni bókarinnar, fær þó heldur litla umfjöllun. Meira virðist lagt í þann hluta bókarinnar sem snýst um kenningalegan bakgrunn hennar. Aðferðafræðikaflinn er nákvæmur og aðferðum og aðstæðum er vel lýst. Stundum má segja að lýsingarnar hafi jafnvel verið óþarflega nákvæmar. Lýsingar á umhverfi barnanna og aðstæðum minna sumar á ferðahandbók.

Við gagnaöflun var gögnum safnað um öll börnin yfir tíma sem samsvarar því að fylgst hafi verið með heilum degi í lífi hvers barns. Þetta gerir niðurstöður rannsóknarinnar trúverðugar en algengt er að rannsóknir með börnum taki aðeins til lítils hluta dags eða afmarkaðs þáttar í lífi þátttakenda. Hafa þarf í huga að alltaf má gera ráð fyrir að nærvera rannsakanda hafi einhver áhrif á börnin, jafnvel þó reynt sé að draga sem mest úr þeim.

Höfundur segir niðurstöður sínar stangast á við fyrri rannsóknir en þegar betur er að gáð eru þær ekki svo ólíkar. Það sem virðist fyrst og fremst ólíkt með niðurstöðum Tudge og niðurstöðum fyrri rannsókna er að Tudge leggur mesta áherslu á og dregur fram það sem er líkt með börnum í ólíkum menningarsamfélögum frekar en það sem er ólíkt. Það má því segja að það sé fyrst og fremst áherslan í túlkun niðurstöðna sem er ólík. Annað sem kemur fram í niðurstöðum Tudge er að þótt menning hafi áhrif á

hversdagslíf barna sé langt frá því að hún ráði því hvaða stefnu líf þeirra tekur. Hann sýnir jafnframt fram á að börn leiki sjálf stórt hlutverk og hafi áhrif á gjörðir sínar og þau samskipti sem þau taka þátt í. Þetta er í samræmi við margar eldri kenningar uppeldisfræðinnar, svo sem kenningar Eriksons, Piagets, Vygotskys og Bronfrenbrenners, sem hann fjallar um í bókinni.

Okkur finnst sterkasta hlið bókarinnar vera fyrsti hluti hennar. Þar eru áherslumismunandi fræðasviða gerð góð skil á skýran og auðskiljanlegan hátt og fjallað er um ólíkar kenningar um þroska barna. Auk þess er þar góð samantekt á fyrri rannsóknum. Bókin gæti nýst vel öllum þeim sem leggja stund á nám í uppeldisfræði, félagsfræði, mannfræði eða á öðrum sviðum sem snúast um rannsóknir með börnum.

Það sem okkur þykir lærdómsríkast við niðurstöður Tudge var að öll börnin sem rannsóknin tók til vörðu mestu af frítíma sínum við leik. Þetta sýnir að leikur er mikilvægur og öllum börnum sameiginlegur. Leikur barnanna var þó ólíkur eftir aðstæðum þeirra. Hvað varðar þá þætti daglegs lífs barnanna sem fylgst var með virtust stéttarstaða, kynþáttur og menntun foreldra hafa þar meiri áhrif en sú menning sem þau ólust upp við. Þannig virtust millistéttarbörn alin upp í Kenía og Finnlandi eiga að mörgu leyti meira sameiginlegt en börn af ólíkum kynþáttum sem ólust upp í sömu borg í Bandaríkjunum.

UM HÖFUNDANA

Jóhanna Lúvís Reynisdóttir (jlr1@hi.is) lauk B.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands í júní 2012. Hún stundar nám í afbrotufræði og stefnir á meistaranám í náms- og starfsráðgjöf.

Sigrún Tómasdóttir (sit13@hi.is) mun ljúka B.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræði í febrúar 2013. Hún stefnir á meistaranám í uppeldis- og menntunarfræði með viðbótar-diplómu í hnattrænum tengslum.